

Morgunblaðið

FÖSTUDAGUR 14. DESEMBER 2018

• Stofnað 1913 • 294. tölublað • 106. árgangur •



MYND UM
TVEGGJA
HEIMA MANN

DVERT Á TÍMANN 36




KSÍ FÆR EKKI KRÖNU

AFREKSSJÓÐUR ÍSÍ ÍDRÓTTIR

BJÖRGUÐU
HUNDRUÐUM
FLÓTTAMANNA

200 MÍLUR 48 SÍÐUR



„Sókn er besta vörnin“

- Skúli Mogensen segir nýja kynslóð langdrægra farþegaþotna skapa tækifæri
- WOW air muni reka „harða lággjaldastefnu“ ● Farþegum fækkar um 40%

Baldur Arnarson
baldura@mbl.is

Skúli Mogensen, forstjóri WOW air, segir tengiflug áfram verða lykklítt í starfsemi flugfélagsins, þ.e.a.s. að nota Ísland sem tengistöð. Með niðurskurði á leiðakerfinu muni farþegum félagsins fækka úr 3,5 milljónum í ár í 2,1 milljón á næsta ári. Það yrði 40% samdráttur milli ára.

Félagið hyggst fækka þotum úr 20 í 11 og er það hluti af samþættingu leiðakerfis félagsins og væntanlegs

samstarfsfélags, Indigo Partners. Við þetta fækkar störfum hjá WOW air um 350 og verða um þúsund.

Skúli segir sókn WOW air til miðvesturríkja Bandaríkjanna ekki hafa borið tilætlaðan árangur. Þá hafi rekstur breiðþotna flækt reksturinn. Þær hverfi nú alfarið úr flotanum.

Afturhvarf til fyrri áherslu

Framundan sé uppbygging félagsins á þeim grunni sem lagður var 2015 til 2016 er leiðakerfið miðaðist við að tengja saman vesturhluta

Mögulega endurráðið

» Fram kom á starfsmannafundi WOW air í gær að hluti starfsmanna yrði mögulega endurráðinn, þ.m.t. flugfreyjur.

» Ferðamálastofa telur ekki gefið að erlendum ferðamönnum á Íslandi muni fækka vegna breytinganna hjá WOW air.

Evrópu og austurströnd Bandaríkjanna. Nú verði reksturinn treystur með sókn.

„Sókn er besta vörnin. Til lengri tíma lítið eru Airbus 321-vélarnar sem við erum með alltaf að verða langdrægari. Þannig að í staðinn fyrir að taka inn breiðþotur, helmingi stærri vélar, þá erum við núna að nýta okkur og munum nýta okkur enn frekar nýjustu kynslóð af slíkum þotum,“ segir Skúli.

WOW air ... » 4 og 18



Morgunblaðið/Kristinn

Kannabis Þingmenn Pírata tala um lyfjahamp þegar jurttin er notuð til lækninga.

Ræktun svonefnds lyfjahamps fær dræmar viðtökur

■ Þingsályktunartillaga Pírata um notkun og ræktun lyfjahamps hefur hlotið neikvæð viðbrögð allra sem sent hafa Alþingi umsögn um hana. Tillagan var áður borin fram á tveimur síðustu þingum en náði ekki fram að ganga. Hún hlaut einnig óblíðar viðtökur í heilbrigðisráðgjafunum.

Lyfjahampur er heiti sem þingmenn Pírata nota yfir kannabis eða hampjurt í læknisfræðilegum tilgangi. Í tillögu þeirra er heilbrigðisráðgjafur falið að semja lagafrumvarp sem heimili notkun og framleiðslu lyfjahamps.

Í umsögn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga segir t.d. að af texta tillögunnar og greinargerðarinnar megi ráða að verið sé að opna fyrir almenna notkun og ræktun kannabis hér á landi. » 14

Heimfæra má reglur upp á mál Ágúst Ólafs

■ Þorsteinn Víglundsson, þingmaður Viðreisnar, segir „vissulega greinar í síðareglum alþingismanna sem heimfæra má með einum eða öðrum hætti“ upp á mál Ágúst Ólafs Ágústssonar, þingmanns Samfylkingar, en hann sýndi af sér óviðeigandi framkomu í garð konu. Hann segir málið hins vegar hafa komið upp utan vinnutíma þingmannsins og því sé það t.a.m. ólíkt Klaustrumálinu svonefnda. » 2



Morgunblaðið/Eggert

„Birtir af kertum brátt, blíð mærin eyðir nátt“

Messudagur heilagrar Lúsíu var í gær, 13. desember. Þá er til síðs í Svíþjóð og víðar á Norðurlöndum að efna til hátíðar. Lúsíudagsins var

minnst í sænska sendiráðinu í Reykjavík í gærmorgun og sungu stúlkur með kertaljós söng Lúsíu og sjálf Lúsía var með kertakórónu. Boðið

var upp á hefðbundnar sænskar kræsingar á Lúsíuhátíðinni. Fyrirsögnin er tekin úr þýðingu Elsu E. Guðjónsson á söng Lúsíu við ítalskt lag.

Ákært í færri málum en árið áður

■ Alls voru 6.265 brot afgreidd af ákæruvaldinu á síðasta ári. Þar af var ákært í 4.959 málum, eða 79% brotanna. Þetta er fækkun frá fyrra ári en árið 2016 voru alls 6.277 mál afgreidd af ákæruvaldinu. Það ár var ákært í fleiri málum, alls 5.620 málum eða 83%. Þetta kemur fram í ársskýrslu Ríkissaksóknara fyrir árið 2017.

Brotnum gegn valdstjórninni fjölgaði úr 63 árið 2016 í 120 á síðasta ári. Kynferðisbrot voru talsvert fleiri í fyrra en árið á undan, 216 samanborið við 192 árið 2016.

Fjögur brot í flokknum landráð voru til meðferðar hjá ákæruvaldinu árið 2017. Öll málin fjögur voru á endanum felld niður. » 22

Vindur fyrir tvo milljarða

- Stærsta verkefni Naust Marine til þessa
- Sex togarar

Íslenska sjávarútvegstækni fyrirtækið Naust Marine hefur gengið frá samningi um framleiðslu vindubúnaðar fyrir sex nýja rússneska togarar. Um er að ræða langstærsta verkefni fyrirtækisins til þessa og hljóðar samningurinn upp á um tvo milljarða króna.

Frá þessu greinir Bjarni Þór Gunnlaugsson, framkvæmdastjóri Naust Marine, í samtali við 200 mílur, en blaðinu í dag fylgir 48 síðna sérblað 200 mílna um sjávarútveg.

Einnig er í samningnum ákvæðið upp á mögulega fjögur skip til viðbótar að sögn Bjarna Þórs.




Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

Samið Bjarni Þór Gunnlaugsson, framkvæmdastjóri Naust Marine.

Íslensku tækni fyrirtækin í sjávarútvegi hafa að undanförunni sótt í auknum mæli á Rússlandsmið, þar sem ljóst er að þar í landi er hafin vinna við að endurnýja úr sér genginn fiskiskipafloata. Markaðurinn er stór og útgerðirnar og skipin sömuleiðis, eins og Bjarni hefur reynt.

„Þessi útgerð sem við erum að semja við núna er með eina 40 togarara. Það segir ýmislegt. Þetta eru gríðarlega stórar útgerðir og hafa farið stækkandi.“

Til samanburðar voru 44 togarar skráðir hérlendis við lok síðasta árs. » 200 mílur



Þvörusleikir kemur í kvöld

10 dagar til jóla

Jól

jolamjol.is

Framleiða vindur fyrir sex nýja togara

Íslenska sjávarútvegs-tæknifyrirtækið Naust Marine hefur gengið frá samningi um framleiðslu vindubúnaðar fyrir sex nýja rússneska togara. Um er að ræða langstærsta verkefni fyrirtækisins til þessa, en samningurinn hljóðar upp á um tvo milljarða króna.

Frjá þessu greinir Bjarni Þór Gunnlaugsson, framkvæmdastjóri Naust Marine, í samtali við 200 mflur. Naust hefur unnið að samningunum í gegnum markaðsfyrirtækið Knarr Maritime og hafa víðræður staðið í nokkra mánuði.

„Þetta hefur gengið fram og aftur undanfarna mánuði og núna eru allar undirskriftir komnar. Það vantar bara síðasta stimpilinn frá Rússunum áður en allt fer af stað. Þegar er byrjað að smíða skipin en það verða margar vindur um borð, eða 41 vinda í hverju skipi,“ segir Bjarni og bætir við að almennt sé mikið um vindur í stórum rússneskum togurum.

„Það eru farmvindur og alls konar öðruvísi vindur sem við erum alla jafna ekki með um borð í okkar skipum. Með þessu geta þeir skipað úti á hafi.“

Sækja meira á Rússlandsmið

Í samningnum felst eins og áður sagði gerð vindubúnaðar fyrir sex togara, en einnig er ákvæðið upp á mögulega fjögur skip til viðbótar að sögn Bjarna Þórs. Afhenda á búnaðinn í júlí á næsta ári. „Það er ekki seinna vænna að fara að byrja,“ segir hann kíminn.

Íslensku tæknifyrirtækin í sjávarútvegi hafa að undanförmu sótt í auknum mæli á Rússlandsmið, þar sem ljóst er að þar í landi er hafin vinna við að endurnýja úr sér genginn fiskiskipafloata. Markaðurinn er stór og útgerðirnar og skipin sömu-leiðis, eins og Bjarni hefur reynt.

„Þessi útgerð sem við erum að semja við núna er með eina 40 togara. Það segir ýmislegt. Þetta eru gríðarlega stórar útgerðir og hafa farið stækkandi.“

Til samanburðar voru 44 togarar skráðir hérlandis við lok síðasta árs. „Þetta eru alveg svakalegar stærðir sem þarna er um að ræða,“ segir Bjarni og bendir á að í Bandaríkjunum sé einnig í uppsiglingu bylgja endurnýjunar.



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

Framkvæmdastjóri „Maður vill vera sterkur á heimamarkaði – það er það allra besta. En samkeppnin er hörð og maður getur ekki alltaf farið með sigur af hólmi.“

Aragrúfi tækifæra fram undan

„Bandaríkjamenn eru líka með gamlan flota þannig að þar getum við búist við endurnýjun á næstu árum. Sama máli gegnir um Japan, en þar eigum við í Nausti þegar allan búnað um borð í nýjum togara, þeim fyrsta vestræna þar í landi. Þá heyrir ég að Nýja-Sjáland sé líka að fara af stað. Þetta er allt frekar langt í burtu,“ segir hann og hlær við.

„En við sjáum bara aragrúa tækifæra ef við horfum fram á veginn. Það gæti jafnvel reynst okkur erfitt ef allt gengur eftir í tilboðum sem við eigum útistandandi. En maður fær nú aldrei allt og við hefðum gjarnan viljað fá fleiri verkefni hér heima. Maður vill vera sterkur á heimamarkaði – það er það allra besta. En samkeppnin er hörð og maður getur ekki alltaf farið með sigur af hólmi.“

Gengið frammar vonum

Ásamt Skaganum 3X, Nautic, Kælismiðjunni Frosti, Brimrúnu og verkfræðistofunni Skipatækni ýtti Naust Marine úr vör nýju markaðsfyrirtæki á síðasta ári. Knarr Maritime. Bjarni Þór segir samstarfið hafa gengið frammar vonum og að fjöldi verkefna sé í pípunum með aðstoð Knarr.

„Það lofar góðu. Þarna eru fimm

Grípur sjálfkrafa inn í

Helsta vara Naust Marine, ATW-kerfið (e. Automatic Trawl Winch), hefur verið í stöðugri þróun allt frá árinu 1979. ATW stýrir togvindunum og heldur netinu opnu svo að það fangi sem mest af fiski.

Ef skipið beygir er búnaðurinn hannaður til að grípa sjálfkrafa inn í og stýra togvindunum til að aðlaga staðsetningu netanna í samræmi við stefnu skipsins.

Íslensk fyrirtæki að vinna saman og svo munum við náttúrulega aðstoða fleiri íslensk fyrirtæki við að komast að þessum mörkuðum í gegnum okkur. Þetta hefur gengið afar vel og menn hafa unnið gríðarlega gott starf þarna,“ segir Bjarni Þór.

Í framhaldi stofnunar Knarr Maritime stofnaði sami hópur fyrirtækja Knarr Rus, sérstaklega fyrir Rússlandsmarkað. Þar eru nú þrjú starfsmenn og er Jónas Tryggvason í forsvari. Bendir Bjarni Þór á að tilkoma þess hafi skipt sköpum fyrir útrás fyrirtækjanna í Rússlandi.

„Alfred Tulinius, framkvæmdastjóri Nautic, hefur einnig gert mjög góða hluti fyrir okkur með því að setja á laggirnar fyrirtækið Nautic Rus. Það virðist vera mikil lyftistöng að stofna fyrirtæki í Rússlandi og komast þannig inn á markaðinn,“ segir Bjarni Þór.

Blikur eru þó á lofti.

„Þeir segja það, Rússarnir, að búast megi við að þessu ferli verði lokað meira og meira. Að þeir vilji kaupa meira inn frá Rússlandi. Það hjálpar því til að vera kominn þarna með fótfestu. Í þessum töluðum orðum eru tveir starfsmenn okkar úti í Rússlandi að reyna að fá tvö önnur verkefni til viðbótar, en við erum einn af þremur vinduframleiðendum sem eru að kynna búnað fyrir væntanlegum kaupendum.

Síðan verður tekin ákvörðun í framhaldi af því. Það er mikið í gangi í þessu landi, enda kominn tími á þessa endurnýjun flotans fyrir löngu og maður hefur vitað af því í þó nokkur ár að þetta stæði til. Nú er komið að þessu.“

Nú starfsmenn úti á Spáni

Fyrir tíu árum voru starfsmenn Naust Marine níu talsins. Á síðasta ári voru þeir 25 og um þessar mundir eru þeir 32, að sögn Bjarna Þórs. Fyrirtækið var lengi vel í samstarfi við erlenda vinduframleiðendur, sem

framleiddu vindurnar á meðan Naust einbeitti sér að hönnun og smíði stjórnbúnaðar. Nú eru vindurnar hins vegar framleiddar að öllu leyti undir merkjum Nausts. Fyrirtækið hefur enda vaxið töluvert og er í dag með söluskrifstofu í Bandaríkjunum og starfsstöð á Spáni, þar sem vindubúnaðurinn er smíðaður.

„Við höfum stofnað fyrirtæki á Spáni sem sér algjörlega um hönnun og framleiðslu á vindunum. Allt eru þetta fyrrverandi starfsmenn keppinauta, sem höfðu samband við mig í október á síðasta ári og lýstu yfir vilja til að ganga til liðs við okkur. Þá var stökkið til og þetta fyrirtæki sett á fót, og reksturinn er búinn að ganga þar síðan í janúar á þessu ári. Frá og með næstu viku verða þar níu starfsmenn. Við vorum að bæta við enda gengur framleiðslan og salan mjög vel.“

Fyrirtækið hefur framleitt vindur fyrir skip víða um heim en hefur undanfarnar ár horft til Bandaríkja- annars vegar og Rússlands hins vegar, eins og áður sagði. „Við erum aðallega í útrás og erum kominn með mjög stóra markaðshlutdeild í Bandaríkjunum. Þá höfum við í nokkuð mörg ár verið að setja nýjan stjórnbúnað frá okkur í gömul skip í Rússlandi, þannig að við vorum þekkt nafn þar í landi áður en endurnýjun flotans fór á flug.“

Gledilega hátíð

Merry Christmas Gledileg Jól Feliz Navidad God Jul Frohe Weihnachten

HAMPIÐJAN